

# HUGBÚNAÐUR

**&HUGBÚNAÐARGERÐ**

**Kynningarblað** Wise, Tölvumiðlun, Kolibri og Hugsmiðjan.

## Wise kemur af fullum þunga inn á smásöllumarkaðinn

Wise lausnir ehf. í samstarfi við Hugbúnað hf. bjóða nú upp á Centara-verslunarkerfið og tengingu við Microsoft Dynamics NAV. Með þessari lausn geta litlar sem stórar verslanir komið sér upp og rekið fullkomið bókhalds- og verslunarkerfi á hagstæðan máta.

**T**ö mikilsmetin fyrirtæki á Íslandi, Wise lausnir ehf. (áður Maritech) og Hugbúnaður hf., hafa átt í nánun samstarfi þar sem Wise er orðinn sölu- og þjónustuaðili verslunarkerfisins Centara á Íslandi. Wise mun leggja áherslu á að bjóða Centara-verslunarkerfið verslunum og veitingastöðum sem vilja tengingu við undirliggjandi viðskiptakerfi Microsoft Dynamics NAV.

Wise er stærsti söluaðili Microsoft Dynamics NAV á Íslandi og er í fararbroddi í upplýsingatækni, en hugbúnaðarfyrirtækið Hugbúnaður hf. er eitt elsta hugbúnaðarfélag Íslands stofnað 1981 og hefur selt afgreiðslukerfi sín um allan heim.

### Vinsæll kostur

„Sem dæmi um viðskiptavini sem nota Centara og Microsoft Dynamics NAV á Íslandi má nefna Hagkaup, Rúmatalagerinn, Kost, Kea, Hótel Reynihlíð og Reykjanesbæ,“ segir Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri hjá Wise, og bendir á að þar sem Wise og Hugbúnaður séu bæði til húsa á 4. hæð í Borgartúni 26 séu öll samskipti og samvinna þægileg og auðveld.

„Saman bjóðum við upp á heildstæða lausn, allt frá kassa til bókhalds, sem hentar íslenska markaðnum fullkomlega,“ segir Gunnar Björn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hugbúnaðar. Hann segir mikla þörf hafa verið á íslenska markaðnum fyrir lausnir sem séu einfaldari og auðveldari í rekstri og uppsetningu.

### Fyrir stóra sem smáa

„Í nútímarekstrarumhverfi ríkir sama þörf hjá smærri sem stærri fyrirtækjum hvað varðar upplýsingatækni og tengingu við undirliggjandi viðskiptakerfi. Fram að þessu hafa ekki margar lausnir verið á boðstólum á nægjanlega hagstæðu verði og með hagkvæmu rekstrarumhverfi,“ segir Jón Heiðar. Með Centara og tengingu við Dynamics NAV geta allir komið sér upp og rekið fullkomið bókhalds- og verslunarkerfi, allt frá einni verslun til stærstu verslanakeðja.

„Centara er einnig hægt að nota



Wise lausnir ehf. og Hugbúnaður hf. eiga í góðu samstarfi. Hér takast þeir í hendur, Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri hjá Wise, og Gunnar Björn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hugbúnaðar.

**Wise er með þjónustuver sem býður upp á bakvakt um kvöld og helgar fyrir Centara-verslunarkerfið.**

eitt og sér, með eða án bókhalds eða tengt öðrum kerfum,“ útskýrir Jón Heiðar. Hann bendir á að áður gátu aðeins stærri aðilar nýtt sér sambærilegar lausnir frá öðrum aðilum en að þær hafi oftast verið bæði dýrar og flóknar í innleiðingu og rekstri. Með Microsoft Dynamics NAV og Centara, uppsettu og tilbúnu til notkunar, geta því allir nýtt sér og haft aðgang að fullkomnu verslunarkerfi á verði sem hentar stærri sem smærri fyrirtækjum.“

### Heildstæð lausn

„Viðskiptavinir okkar geta til dæmis valið um að kaupa eða leigja hugbúnaðinn sem þarf. Þá er í boði að vera með hýsingu og

**Nánari upplýsingar má nálgast á www.wise.is og www.navaskrift.is**

rekstur í Skýinu, á Azure Microsoft hýsingu,“ lýsir Jón Heiðar og nefnir að stór kostur við lausnir Wise sé að kostnaður við uppsetningu og rekstur sé þekktur og fyrirsjáanlegur.

„Uppsetningin er þægileg þar sem Dynamics NAV er sett upp í Skýinu og er tilbúið til notkunar með Office 365 ef óskað er. Centara-tengill er hluti af þeirri uppsetningu, auk algengustu sérkerfa á borð við RSM (rafræna skeytamiðlun), banka, innheimtu, uppskrift og skönnun reikninga,“ segir Jón Heiðar. Þannig þurfi verslunarfyrirtæki ekki lengur að hugsa um uppsetningu tölvukerfa heldur einungis kassa og útsöðva. „Lausnin er nefnilega tilbúin til notkunar.“

Mikil vinna hefur verið lögð í að uppfæra bakendakerfi Centara og færa þau í vefviðmót sem einfaldar rekstur og utanumhald kerfisins, auk þess að hægt er að velja að reka kerfið sjálfur eða vera með það í Skýinu.

### Wise lausnir ehf.

- **Wise var valið** samstarfsaðili ársins af Microsoft 2014 í þriðja sinn.
- **Wise er fyrirmyndar-fyrirtæki** VR, í flokki stærri fyrirtækja. Wise og Hugbúnaður eru saman með 80 sérfræðinga í NAV og verslunarkerfum ásamt dótturfyrirtækjum erlendis.
- **Wise er stærsti** söluaðili Dynamics NAV á Íslandi.
- **Wise er sölu-** og dreifingaraðili Centara á Íslandi.
- **Wise er meðal** annars með dótturfyrirtæki í Kanada og samstarfsaðila um allan heim þar sem samvinnan við Hugbúnað og Centara-verslunarkerfið mun nýtast og bjóða upp á marga möguleika.



Mörg fyrirtæki á Íslandi nota Centara-verslunarkerfið með tengingu við Microsoft Dynamics NAV.



Wise hefur verið valið samstarfsaðili ársins af Microsoft þrisvar sinnum.

### Hugbúnaður hf.

- **Hugbúnaður hf.** hefur verið á markaðnum síðan 1981 og er með mjög mikla reynslu úr verslunargeiranum.
- **Hugbúnaður er** með stóra viðskiptavini um allan heim á borð við Burger King í Vestur-Evrópu, Jysk og fleiri.

# Samstarf lykillinn að árangri

Tölvumiðlun er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og fagnar 30 ára afmæli á næsta ári. Hjá Tölvumiðlun starfar samhentur hópur sérfræðinga, sem þjónustar hundruð ánægða notendur H3 launa- og mannauðslausnarrinnar auk annarra hugbúnaðarkerfa.

Tölvumiðlun hefur í gegnum árin haft einstaklega gott lag á því að þróa lausnir og þjónustu í takt við kröfur og væntingar markaðarins. Það gerist með góðu og nánu samstarfi við lykilviðskiptavini sem hafa metnað fyrir því að þróa lausnir Tölvumiðlunar og ná sem mestu út úr þeim hverju sinni,“ útskýrir Aart Schalk, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs Tölvumiðlunar.

Hann segir þetta nána samstarf lykillinn að velgengni Tölvumiðlunar í síbreytilegu viðskiptaumhverfi síðustu 30 ára en Tölvumiðlun var stofnuð árið 1985.

„Við höfum einnig ávallt haft mjög öflugan hóp sérfræðinga innanborðs til þess að stýra framþróun, forrita, prófa og þjónustu. Við erum mjög þakklát fyrir það að eiga framsækna viðskiptavini og frábært starfsfólk. Einnig leggjum við mikla áherslu á góða stjórnunarhætti og fjölskylduvænt vinnuumhverfi þar sem öllum líður vel.“

## Hvað er H3-hugbúnaðarkerfi?

„H3-heildarlausnin er öflugt verkfæri við utanumhald mannauðsmála svo sem launa, ráðninga, fræðslu, launaáætlana og við almennt eftirlit með lykilstærðum. H3-mannauðslausnin tekur í raun á öllum þáttum mannauðsstjórnunar frá starfsúmsókn til starfsloka,“ útskýrir Aart.

„Kerfið samanstendur af nokkrum kerfiseiningum og viðbótum sem viðskiptavinir raða saman eftir umfangi og þörfum á hverjum tíma. Allar kerfiseiningar í H3 eru samþættar. Þannig er komið í veg fyrir tvískráningu upplýsinga og breytingar þarf því aðeins að framkvæma einu sinni. Gögn flæða milli

kerfiseininga og ólíkir notendur fá þannig mismunandi sýn á sömu gögnin. Til er sérhæft viðmót ætlað starfsmönnum og annað fyrir stjórnendur. H3 er staðlað kerfi sem hentar óbreytt þörfum flest allra fyrirtækja á íslenskum markaði.“

## Hvað er í gangi hjá Tölvumiðlun? Hvað er nýtt?

„Hafin er vinna við að uppfæra viðskiptavini sem nota H3-heildarlausnina í H3-2013 sem keyrir á SQL Server, á meðan eldri útgáfan er á Oracle“ segir Aart. „Helstu kostir SQL server eru auknir möguleikar í viðskiptagreind og samhæfni við önnur Microsoft-kerfi og umhverfi sem flest íslensk fyrirtæki eru með.“

„Með H3-2013 koma einnig margar nýjungar í virkni og notendaviðmóti. H3-samþættingar er ný kerfiseining sem tengir saman gögn og upplýsingar á milli kerfa, svo sem H3 og MS Active Directory, og sparar þannig tíma og fyrirhöfn við innslátt og minnkar villuhættu. H3-ráðningum fylgir nú nýr ráðningavefur sem auðvelt er að laga að aðalvef fyrirtækja, og betrubætt viðmót mannauðsstjóra og stjórnenda býður upp á gríðarlega flotta möguleika við flokkun og umsýslu umsókna. Talsverðar breytingar hafa orðið á H3-áætlunum.“

„Önnur áhugaverð nýjung hjá okkur er H3-launavinnsla, sem hugsuð er fyrir aðila sem vilja úthýsa umsýslu launa til fagaðila,“ segir Aart. „Þetta er hentugt fyrir fyrirtæki sem vilja ekki ráða í heila stöðu fyrir launavinnslu heldur einbeita sér að kjarnastarfsemi. Þetta er frábær viðbót við launavinnslu í afleysingum sem við höfum boðið upp á í mörg ár.“

Nánari upplýsingar er að finna á [www.tolvumidlun.is](http://www.tolvumidlun.is).

Aart Schalk, framkvæmdastjóri Tölvumiðlunar, segir gott samstarf við viðskiptavini lykillinn að velgengni Tölvumiðlunar.

MYND/STEFÁN



# Undirbúa forritara framtíðarinnar

Við Hólabrekkuskóla í Efra-Breiðholti er börnum í 1. til 7. bekk kennd forritun og upplýsingatækni með áherslu á Word, Excel og notkun Skýja. Markmiðið er að mæta auknum kröfum mennta- og háskóla um tölvukunnáttu og búa börnin undir störf framtíðar.

Við erum að undirbúa framtíðina og ætlum að gera börnin okkar fær í flestan sjó,“ segir Anna María Þorkelsdóttir, kennari og verkefnastjóri við Hólabrekkuskóla.

Skólinn gengur nú í gegnum stórfelldar áherslubreytingar og stefnir hraðbyri að því skara fram úr í upplýsingatækni.

„Kennarar Hólabrekkuskóla eru einstaklega opnir fyrir nýjungum og meðvitadur um kröfur framtíðar gagnvart nemendum sínum. Þeir fengu það hlutskipti að hanna framtíðarskólann á starfsdegi kennara í byrjun árs og úr þeirri hönnunarsmiðju spruttu frábærar hugmyndir sem mörgum var hægt að hrinda strax í framkvæmd,“ upplýsir Anna María.

Nú þegar hefja nemendur í 1. til 7. bekk nám í forritun og upplýsingatækni og í unglingadeild verður val um frekara nám í forritun.

„Við byrjum á kennsluforritunum Scratch og Alice og notum hinar og þessar forritunarvefsíður eins og Code Academy og Code.org. Þegar upp er staðið munu börnin hafa lært alls kyns forritunarmál og áfram munum við efla tölvukunnáttu þeirra. Við leggjum einnig ríka áherslu á enn meira val fyrir unglingana og að þau geti tengt forritun og upplýsingatækni

við námsgreinar sínar,“ segir Anna María. Í upplýsingatækni verður börnunum í Hólabrekkuskóla meðal annars kennt á Word, notkun tölvuskýja og Excel.

„Við leggjum ríka áherslu á Excel því menntaskólar og háskólar gera æ meiri kröfur um kunnáttu nemenda sinna á Excel og það ætlum við að búa nemendur okkar undir.“

## Getutengt nám og færni

Í Hólabrekkuskóla eru hundruð spjaldtölvur notaðar á yngsta stigi og unglingastigi.

„Í tölvuveri skólans læra börnin forritun og upplýsingatækni tvisvar í viku og þau yngstu nota spjaldtölvur í stöðvavinnu í byrjendalæsi. Markmið okkar er að auka sköpun og áhuga nemenda og efla tæknikunnáttu þeirra til framtíðar því það er staðreynd að það eru fá störf í framtíðinni sem munu ekki krefjast einhverrar forritunarkunnáttu.“

Nemendur Hólabrekkuskóla eru spennir fyrir auknu tölvunámi og hefur formaður stjórnar foreldrafélagsins lýst yfir mikilli ánægju fyrir hönd foreldra yfir nýjum námsgreinum.

„Við verðum með aðstoð fyrir kennara sem þess þurfa í upphafi námsins en þegar upp er staðið verða allir kennarar skólans orðn-



Anna María segir yngstu börnin ljóma þegar þau sjá árangur af eigin sköpun í tölvum og að nemendur skólans eigi eftir að koma fjölskyldum sínum á óvart með tölvufærni og sköpunargáfu í leikjum og vefsíðum sem þau sjálf hanna og vinna. Frá vinstri: Ágústa Guðnadóttir forritunarkennari, Hólmfríður Guðjónsdóttir skólastjóri og Anna María Þorkelsdóttir verkefnastjóri.

MYND/ANDRÍ MARÍNO

ir færir upplýsingatæknikennarar,“ segir Anna María og hlakkar til skólaársins fram undan.

„Við erum með fasta tíma í Fab Lab-smiðjunni fyrir nemendur 6. og 7. bekkjar og notum netnáms-

síðuna Moodle í námi og prófum unglinganna. Þá er í skólastarfinu mikið um nýjungar og verða verkefni skólans í völdum fögum getutengt í stað þess að vera árgangabundin. Þá fá klárir krakk-

ar úr yngri stigum að vinna með eldri börnum á sama stigi og þeir sem þarfnast meiri undirbúnings að vinna með öðrum á sama stigi. Með því kylum við ekki alla í gegnum námið á sama hraða.“

# Sérstaða á markaði kemur með hugbúnaðarnýsköpun

Stafræna vöruþróunarfyrirtækið Kolibri hjálpar fyrirtækjum að ná sérstöðu á markaði. Í dag felur það nær undantekningalaust í sér hugbúnaðarnýsköpun með þróun og hönnun á stafrænni viðskiptaupplifun. Góð stafræn upplifun er besta auglýsing fyrirtækja.

## Nýr veruleiki þjónustufyrirtækja

Stafræna vöruþróunarfyrirtækið Kolibri er ný tegund fyrirtækis á markaðnum. Það skilgreinir sig hvorki sem UT-fyrirtæki né vefyfyrirtæki. Hjá félaginu starfa tuttugu hönnuðir og hugbúnaðarsérfræðingar en það flutti nýverið starfsemi sína á nýjar skrifstofur á efstu hæð á Laugavegi 26.

„Við hjálpum fyrirtækjum að ná sérstöðu á markaði en í dag felur það nær undantekningarlaust í sér hugbúnaðarnýsköpun,“ segir Ólafur Örn Nielsen, einn stofnenda Kolibri. Snertifletir fyrirtækja við viðskiptavinina sína eru nú í mun meiri mæli stafrænnir.

Nýi veruleikinn er sá að fólk ætlast til þess að geta stofnað til viðskipta í gegnum netið og afgreitt sig sjálf með þá þjónustu sem það þarfnast án þess að þurfa að hringja eða mæta á staðinn. Þetta er þó ekki alltaf í boði í öllum geirum.

## Sóknarfærin augljós

„Bankarnir leiddu þróunina með tilkomu heimabankanna á miðjum tíunda áratug síðustu aldar. Síðan þá hefur ríkt þar mikil stöðnun,“ segir Ólafur. Hann bendir á að stórir geirar á borð við fjarskipta-, trygginga- og fjölmiðlageirann séu enn skammt á veg komnir þegar stafræn viðskiptaupplifun er annars vegar.

Það er stórt tækifæri fyrir fyrirtæki að bregðast við. Með því að vinna hratt geta þau náð forskoti á samkeppnisaðilana. Besta leiðin til að velta leiðandi fyrirtækjum á markaði úr sessi er með tækninýjungum. Það er enn urmull tækifæra á markaðnum til að gera betur. Í sumum geirum er enn nær ómögulegt fyrir viðskiptavinina að stofna til viðskipta á netinu og afgreiða sig sjálfir með þá þjónustu sem þá vantar. Þar eru sóknarfærin augljós,“ segir Ólafur.

## Heildarupplifun viðskiptavina markast af tæknilausnum

„Í okkar vinnu tölum við gjarnan um innri og ytri viðskiptaupplifun. Ytri upplifun er sú sem er sýnileg viðskiptavininum en það getur verið vefsíða fyrirtækisins, app, verslun, símaver eða hvaðeina sem honum býðst að nýta sér beint. Innri upplifunin snýr svo að starfsfólki fyrirtækjanna og þeim tæknilegu ferlum sem þarf að fara í gegnum til að veita þjónustuna. Ef innri og ytri viðskiptaferlarnir eru brotnir og kerfin úrelt blasir við að það hefur neikvæð áhrif á heildarupplifun viðskiptavinarins og þar með á afkomu fyrirtækisins,“ segir Ólafur.

## Góð stafræn upplifun besta auglýsingin

Mikið hefur verið rætt um að fyrirtæki verji minni fjármunum í markaðsmál en áður. Ólafur segir að því sé stundum ruglað saman að þegar fyrirtæki kaupi minna af auglýsingum séu þau að verja minni fjármunum til markaðsmála. „Fyrirtæki eru að fjárfesta í mun meiri mæli í þjónustubáttum og þar eru stafrænar lausnir í aðalhlutverki. Góð stafræn upplifun er einfaldlega besta auglýsingin,“ segir Ólafur.

## Tæknipenkjandi markaðsfólk og markaðsþenkjandi tæknifólk

Eru skilin á milli tækni- og markaðsmála þá ekki að verða sífellt óljósari? Ólafur segir það vissulega vera svo og að nú sem aldrei fyrir



Ólafur Örn Nielsen er einn stofnenda Kolibri. Hann segir þjónustufyrirtæki eiga sóknarfæri í hugbúnaðarnýsköpun.

MYND/ANDRI MARINO

Fólk ætlast til þess að geta stofnað til viðskipta í gegnum netið og afgreitt sig sjálf



Daglegir stöðufundir skipa stóran sess í starfi Kolibri og þá er ekki sest niður.



Kolibri flutti nýverið starfsemi sína á nýjar og glæsilegar skrifstofur á efstu hæð á Laugavegi 26 með útsýni yfir miðbæinn, Faxaflóa og Esjuna.

Fyrirtæki eru að fjárfesta í mun meiri mæli í þjónustubáttum og þar eru stafrænar lausnir í aðalhlutverki.

sé nauðsynlegt fyrir markaðsfólk að hafa þekkingu á hugbúnaðarþróun og fyrir tæknifólkið að geta sett sig í spor viðskiptavinarins. „Það má segja að atvinnulífið krefjist tæknipenkjandi markaðsfólks og markaðsþenkjandi tæknifólks en nauðsynlegt er að þessi þekkingarviðeigi í góðu samstarfi sé ætluin að skapa einstaka þjónustuupplifun fyrir viðskiptavinina,“ segir Ólafur.

## Aukin krafa um þekkingu stjórnenda á hugbúnaðarþróun

Eina þjónustuleið Kolibri eru svokölluð Kolibri-teymi en þau byggja á aðferðafræði sem fé-

lagið hefur þróað síðustu árin. Teymin vinna gjarnan inni hjá samstarfsaðilum og eru starfsmenn þeirra einnig hluti af teyminu. Kolibri-teymin starfa ávallt eftir vel skilgreindum viðskiptamarkmiðum og markmið þeirra er að skila af sér auknu virði eins fljótt og auðið er og svo reglulega eftir það. Ólafur segir fyrirtækið hafa þróað einstakar aðferðir við þróun á hugbúnaði sem stjórnendur sumra af stærstu fyrirtækjum landsins hafa kunnað vel við. „Við finnum þegar við erum að hitta stjórnendur að hugbúnaðarþróun er að

Bankarnir leiddu þróunina með tilkomu heimabankanna á miðjum tíunda áratug síðustu aldar. Síðan þá hefur ríkt þar mikil stöðnun

verða hluti af kjarnastarfsemi nánast allra þjónustufyrirtækja og þeir stjórnendur standa upp úr sem hafa framsýni til að fjárfesta í tækniþróun,“ segir Ólafur. Kolibri stendur árlega fyrir ráðstefnunum Agile Ísland og Lean Ísland en þær fjalla um nútímalegar stjórnunaræðferðir. Hundruð sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi sækja ráðstefnurnar ár hvert. Á meðal viðskiptavina Kolibri eru Vodafone, Össur, 66°Norður, OZ, Tryggingamiðstöðin, Landsnet, Gagnaveitan, Nikita Clothing, Nova, Já.is og Salomon.



Stemningin er afslöppuð og heimilisleg á Hugsmiðjunni en ekki á kostnað metnaðar og fagmennsku. Starfsfólkið er hreykið af því að vera leiðandi afl í íslenskum vefiðnaði.

MYND/GVA

# Upplifun notandans þarf að vera góð

Hugsmiðjan er stærsta vefstofan á Íslandi og þar starfa þrjátíu manns. Fyrirtækið rekur yfir fimm hundruð vefi og tekur að sér að sjá um vefmál fyrirtækja frá a til ö. Sérhæfing Hugsmiðjunnar felst í því að gera flókin hugbúnað skýran fyrir notandanum.

Við búum yfir gríðarlegri þekkingu á vefmálum hér innan fyrirtækisins og erum hreykin af því að vera leiðandi afl í íslenskum vefiðnaði," segir Ragnheiður H. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar. „Við hjá Hugsmiðjunni höfum unnið til fjölda verðlauna á Íslensku vefverðlauninum og erum gríðarlega metnaðarfull. Fyrirtækið var stofnað árið 2001 og frá þeim tíma hefur markaðurinn breyst töluvert. Vefir eru að verða einfaldari og einfaldari, í dag er ekki verið að klístra öllu á forsíðu vefsins eins og var kannski áður. Við höfum einnig verið að gera viðmót fyrir hugbúnað þar sem notendaupplifunin er í forgrunni. Það er mikið spád í það hvernig notandinn kemur að þessu, það þarf að hafa hlutina skýra. Hreinleiki er lykilatriði.“

Sérhæfing Hugsmiðjunnar felst í þessu, það er, að taka flókin hugbúnað og setja hann á skýrt

notendaviðmót. „Þeir sem eru að vinna með hugbúnaðinn eiga að geta áttað sig strax á hvað er að gerast og hvernig flett er í gegnum hlutina í viðmótinu. Til þess að það takist notum við fallega hönnun og að sjálfsögðu mjög klára forritara,“ útskýrir Ragnheiður.

Viðskiptavinir Hugsmiðjunnar eru aðallega millistór og stór fyrirtæki og stofnanir og rekur Hugsmiðjan yfir fimm hundruð vefi. „Við gerum allt í samstarfi við fyrirtækin. Hjá sumum fyrirtækjum þróum við bara vefina í upphafi og svo verða þau sjálfbjarga eftir það. Önnur fyrirtæki vilja að við sjáum um allt sem varðar vefinn. Við höfum mjög skýran fókus, við erum bara í því að búa til fallega vefi og veitum þá þjónustu frá a til ö,“ segir Ragnheiður.

„Við höfum lagt gríðarlega áherslu á það undanfarin ár að gera vefina snjalla, það er að þeir séu þannig gerðir að þeir komi vel út í farsímum og spjaldtölv-

um. Góður vefur er aðgengilegur á öllum nettengdum skjám, til dæmis á þeim sem eru í vösunum hjá fólki. Snjallir vefir rúmast jafn vel í rassvasa og á risaskjá.“

Tæknin er alltaf að breytast og nú má segja að það séu að koma vefviðmót á alla mögulega hluti, úr, ísskápa, bíla og svo má lengi telja. Hugsmiðjan hefur undanfarið unnið að fjölmörgum nýjum vefjum en einnig verið að þróa góð og notendavæn viðmót á mismunandi hugbúnað fyrir nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins. „Þetta á vel við okkur þar sem við erum vön að hanna og þróa vefi fyrir allar skjástærðir og vön því að hugsa um þarfir notendanna. Notandinn á ekki að þurfa að hugsa neitt heldur vera leiddur í gegnum þær aðgerðir sem ætlast er til af honum, það er mikilvægt að notendaupplifunin sé góð.“

Allar nánari upplýsingar um Hugsmiðjuna fá finna á hugsmidjan.is.



Ragnheiður H. Magnúsdóttir segir vefi fyrirtækja þurfa að hafa skýrt notendaviðmót.

## FALLEGUR, ÞÆGILEGUR OG NOTHÆFUR VEFUR

Til þess að fólk komi oftast einu sinni á ákveðinn vef þarf hann að bjóða upp á ánægjulega notendaupplifun. Vefurinn þarf að vera fallegur, vel skipulagður, þægilegur, nothæfur og áreiðanlegur.

Þegar gott samspil verður milli notandans og vefjarins verður notendaupplifunin góð. Notandinn á ekki að þurfa að vera neitt ringlaður heldur vera leiddur í gegnum þær aðgerðir sem ætlast er til af honum.

## Kennum allt sem við kunnum

Hugsmiðjan býður upp á námskeið fyrir alla sem vinna í hugbúnaði í Vefakademíunni. „Við erum með töluverða þekkingu hér innanhúss sem við viljum ekki að tapist,“ segir Ragnheiður H. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar. „Í Vefakademíunni kennum við allt sem við kunnum. Námskeiðin eru fyrir vefstjóra, markaðsstjóra og aðra sem vinna við vefmál í fyrirtækjum og stofnunum, en þau eru einnig fyrir alla þá sem hafa áhuga á að starfa innan þessa geira. Það skiptir okkur máli að sitja ekki inni með þekkinguna, við viljum dreifa henni og að fleiri hafi metnað fyrir því að gera hlutina einfalda og þægilega. Vefstjórar í dag eru yfirleitt í hlutastarfi

og komast ekki svo langt með starf sitt af því þeir eru að gera svo margt annað. Við viljum að vefstjórar fái tækifæri til að starfa við vefstjórn í fullu starfi. Vefir eru orðnir aðalmarkaðstæki fyrirtækja, þeir sýna ímynd fyrirtækisins og eru gæðastimpill þeirra.“ Reynsluboltar í vefgeiranum munu sjá um kennslu í Vefakademíunni. Sigurjón Ólafsson, sem hefur meðal annars kennt vefstjórn í MA-námi í hagnýtri ritstjórn og útgáfu við Háskóla Íslands, Snorri Páll Haraldsson, sérfræðingur í vefmælingum og vefforritari hjá Hugsmiðjunni, og Margeir Ingólfsson, ráðgjafi hjá Hugsmiðjunni.

Nánari upplýsingar má finna á vefakademian.is

